

Tilmæli 6/2020

Fyrri skjalsnúmer	B 330/presidiet
Afgreiðsla	Forsætisnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	Nefndarálit um ráðherranefndartillögu um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2021 (B 330/presidiet)

Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2021

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 15. desember 2020 eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu forsætisnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að Norræni menningarsjóðurinn hljóti til viðbótar við fjárveitingu úr fjárhagsáætlun 750.000 DKK til verkefna sem eiga að milda höggið af völdum COVID-19 á menningarsviði. Féð verði sótt í 40 milljónasjóðinn sem m.a. er ætlað að mæta afleiðingum COVID-19.

að Orkester Norden hljóti til viðbótar við fjárveitingu úr fjárhagsáætlun 50.000 DKK. Féð verði sótt í fjárlagalið 4-2208 Stefnumarkandi átaksverkefni undir lið ráðherranefndarinnar um menningarmál, MR-K.

að Norræna bókmenntavikan hljóti 250.000 DKK. Féð verði sótt í 40 milljónasjóðinn.

að menningarstyrkjaáætlun Norrænu stofnunarinnar á Grænlandi, NAPA, hljóti 350.000 DKK til viðbótar við fjárveitingu úr fjárhagsáætlun. Féð verði sótt í fjárlagalið 4-2208 Stefnumarkandi átaksverkefni undir lið ráðherranefndarinnar um menningarmál, MR-K.

að forvarnir gegn sjálfsvígum verði áfram í forgrunni hjá norræna vinnuhópnum um geðheilsu og sérstaklega verði hugað að forvörnum gegn sjálfsvígum við undirbúning á leiðtogafundi um geðlækningar sem haldinn verður á formennskuári Finnlands 2021.

að félagsmálasvið leggi áfram áherslu á aðgerðir sem geta átt þátt í að fyrirbyggja sýklalyfjaónæmi, m.a. innan ramma aðgerða tengdum COVID-19 sem fagsviðið mun vinna með á árinu 2021.

að félagsmálasvið leggi áfram áherslu á geðheilsu í yfirliti sem verið er að vinna á vegum sænska formenskuverkefnisins VOPS (um fjarheilbrigðisþjónustu). Á árinu 2021 verði verkefni um



fjarheilbrigðisþjónustu 2.0 ýtt úr vör í þeim tilgangi að styðja innleiðingu stafræna lausna í hjúkrun og umönnun. Verkefnið er þverlægt og er unnið innan ramma framkvæmdaáætlunar framtíðarsýnarinnar.

að auk fjárveitingar úr fjárhagsáætlun verði 500.000 DKK veittar til stuðnings norrænu tungumálasamstarfi undir fjárlagalið 2-2544 Norrænt tungumálasamstarf. Féð verði sótt í 40 milljónasjóðinn (250.000 DKK) og í fjárlagalið 2-2506 Stefnunarkandi norrænt menntamálasamstarf undir lið ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir, MR-U (250.000 DKK).

að varðandi samstarf um samgöngumál verði ráðherranefnd um samgöngumál, MR-Transport, ekki sett á laggirnar að svo stöddu. Málið var rætt nú síðast á fundi samstarfsráðherra Norðurlandanna í september 2020 þar sem niðurstaðan var sú að löndin væru ekki sammála að svo stöddu. Þetta útilokar þó ekki samstarf á öðrum stjórnsýslustigum og í framkvæmdaáætlun framtíðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2030 er töluverðri upphæð ráðstafað til vinnu með grænar samgöngur.

að 1,0 millj. DKK verði eyrnamerkt til fjármögnunar kennslugáttarinnar „Norden i Skolen“ undir fjárlagalið 1-0410 „Starfsstyrkur til Sambands norrænu félaganna“.

Kaupmannahöfn, 21. desember 2020

Silja Dögg Gunnarsdóttir

forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs